

Ár 2008, miðvikudaginn 19. mars. 2008 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands haldið af Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið:
Mál nr. 2/2008
Skautafélag Reykjavíkur - íshökkídeild
gegn
Skautfélaginu Birninum - íshökkídeild

Upp er kveðinn svohljóðandi

úrskurður:

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu kæranda, Skautafélags Reykjavíkur – íshökkídeild þann 25.02. 2008 vegna lyfjamisnotkunar leikmanns hins kærða félags, Skautafélagsins Birninum í leik milli félaganna sem fram fór þann 29. nóvember s.l. Viðkomandi leikmaður var settur í bráðabirgðabann 28. desember sl. vegna niðurstöðu úr lyfjaprófi, en endanlegur dómur í máli hans var kveðinn upp og birtur þann 7. febrúar 2008.

Samkvæmt grein 24.1 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða.

Af framansögðu er ljóst að kærufrestur vegna framangreinds atviks er liðinn.

Úrskurð þennan kveður upp Gunnar Guðmundson dómsforseti í Dómstól ÍSÍ. Dómur þessi er sendur skrifstofu ÍSÍ með símbréfi og tölvupósti, en starfsmenn skrifstofunnar munu annast lögformlega birtingu dómsins gagnvart málsaðilum.

Úrskurðarorð:

Máli Skautafélags Reykjavíkur- íshökkídeildar gegn Skautfélaginu Birninum er vísað frá Dómstól ÍSÍ.

Gunnar Guðmundsson